



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

ÞÝSK2MF05 Menning og fjölmiðlar

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynjaingadottir@gmail.com)	Sk.st.	BI
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Unnið er með valið efni mismunandi miðla, s.s. útvarps, sjónvarps, dagblaða og tímarita. Einnig er unnið með tónlist, stuttmyndir og kvikmyndir og lesnar bókmenntir. Nemendur kynnast enn frekar menningu málsvæðisins. Lögð er áhersla á alla færniþætti tungumálanámsins: hlustun, tal, lestur og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun. Áfanginn er á B1-stigi Evrópska tungumálarammans.

Undanfari: ÞÝSK1DD05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki,
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður,
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum,
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu við margs konar aðstæður,
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín,
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Námsefni:

- Ýmiskonar efni frá kennara, svo sem smásögur, textar, málnotkun og fleira
- Lausblaðamappa, laus blöð og millispjöld (mappan frá síðustu önn)
- Lítil stílabók (nota stílabókina frá fyrri áföngum)
- Orðabækur: t.d. www.deis.dict.cc eða Langenscheidts orðabók – Deutsch – Isländisch / Isländisch – Deutsch
- Gagnvirkar æfingar í moodle

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	17. – 23. ágúst	Upprifjun Berlínarferð: Skipulag / Fjáröflun	Ritun
35 - 37	24. ág. – 13. sept.	Málnotkun Textar um málefni líðandi stundar Lestur blaðagreina	Verkefni Verkefni Verkefni
38 - 40	14. sept. – 4. okt.	Málnotkun Textar um málefni líðandi stundar Lestur blaðagreina	Verkefni Verkefni Verkefni
41 – 42	5. okt. - 18. okt.	Hlustun (Hueber – æfingar) Bíómynd Smásögur (2 – 3) Hlustun / Lestur Málnotkun	Próf / verkefni Verkefni / Ritun Verkefni Ritun / Próf
43 – 46	19. okt. – 15. nóv.	Berlín Berlínarferð 29. okt. – 01. nóv.	Verkefni Verkefni
47 - 49	16. nóv. – 4. des.	Ólesinn texti – Lesskilningur Málnotkun Berlín	Próf / Verkefni Próf Lokaritun og munnlegt próf

Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn er **símatsáfangi** með fjölbreytilegu námsmati er mikilvægt að nemendur mæti vel og vinni öll verkefni og próf sem lögð eru fyrir.

Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með í moodle, skoði yfirlit yfir viðfangsefni hvers tíma / hverrar viku og dagsetningar prófa og verkefna. Þeir sem ekki komast í tíma ber að fylgja áætlun og vinna upp heima eða koma í viðtalstíma.

Farin verður fjögurra daga ferð til Berlínar. Brottför verður fimmtudaginn 29. okt. og komið heim sunnudaginn 1. nóvember. Unnin verða verkefni í tengslum við ferðina. Nemendur verða sjálfir að fjármagna þessa ferð og verður það liður í starfinu á önninni.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Efni tengt málefnum líðandi stundar	Verkefni / próf	15%
Lestur blaðagreina	Verkefni: Orðaforði og lesskilningur	15%
Hlustunaræfingar	4 – 5 stutt verkefni	10%
Smásögur 3 - 4	Verkefni: Hlustun / lestur	15%
Ólesinn texti og málnotkun	Próf / Verkefni	10%
Berlín: (fyrir / á meðan / eftir)	Lokaritun: Berlínarferð	15%
	Munnlegt próf	15%
Ástundun / Vinnubrögð		5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.